

Hafnarfjarðarbær
Haraldur Lindal Haraldsson, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði,

Hafnarfjarðarbær	
Dagur:	30/10 2014
Númer:	1410630
Skjalnúmer:	105

Hafnarfirði, 29. október 2014.

Eins og kunnugt er tilkynnti sjávarútvegsráðherra í sumar að flytja ætti höfuðstöðvar Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Ráðherra tilkynnti jafnframt að engum yrði sagt upp störfum, en starfsfólk gæti flutt til Akureyrar vildi það halda störfum sínum. Þetta upplýsti ráðherra á fundi með starfsmönnum Fiskistofu þann 27. júní sl. og fylgdi þessu eftir með bréfi til starfsfólks þann 10. september sl.

Ákvörðun ráðherra mætti harðri andstöðu starfsmanna Fiskistofu, enda var augljóst að lífsafkomu margra fjölskyldna var stefnt í algjöra óvissu og voða. Starfsfólk Fiskistofu stóð og stendur frammi fyrir því, vilji það halda störfum og lífsviðurværi, að rjúfa fjölskyldubönd, vinabönd barna, steypa maka í atvinnuleysi, setja fjárhag fjölskyldunnar í stórkostlega óvissu, allt vegna þessarar ólögmætu og óviturlegu ákvörðunar. Upplýst var af ráðuneytisstjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti að engar rannsóknir eða greiningar hefðu verið framkvæmdar til að kanna kosti eða galla þessarar ákvörðunar. Helstu rökinn virðast vera óljós tilfinning ráðherrans um að opinberum störfum hafi fækkað á landsbyggðinni en fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. Þessi staðhæfing stenst raunar ekki, þar sem rannsóknir hafa sýnt að þessu er öfugt farið. Þetta var sem sagt dæmigerð geðþóttaákvörðun. Hér við bætist að kostnaður þessarar ákvörðunar ráðherra hleypur á hundruðum milljóna auk þess sem veruleg hætta er á að starfsemi stofnunarinnar lamist um árabíl.

Okkur starfsmönnum Fiskistofu var fljótlega ljóst að við stóðum ein og rödd okkar var hjáróma og veik í þessu gjörningaveðri. Jafnframt var okkur það ljóst að til þess að einhver von væri til að snúa þessari ólögmætu og óviturlegu ákvörðun við, þá urðum við að skipuleggja málflutning okkar og fá utanaðkomandi ráðgjafa til að ráða okkur heilt. Það er hvernig báráttunni gegn þessu óréttlæti skyldi hagað, við hverja við ættum að tala máli okkar, hvernig og hvenær það skyldi gert, hvaða rökum skyldi teft fram og svo framvegis.


Mitt í þessum hörmungum kom ályktun frá Hafnarfjarðarbæ sem himnasending til okkar þar sem ákvörðun ráðherra var harðlega mótmælt. Var ályktuninni fylgt eftir með sköruglegum og einörðum málflutningi. Var bæjarstjóra og bæjarstjórn færðar sérstakar þakki af þessu tilefni með símtali frá okkur.

Við starfsmenn Fiskistofu vorum búnir að fá kostnaðaráætlun frá almannatengsla fyrirtækinu Athygli hvað ráðgjöf þeirra, sem að framan er lýst, myndi kosta. Talið var að báráttan myndi


standa til jólaleyfis Alþingis. Kostnaður var talinn vera kr. 1,5 milljón. SFR hefur þegar lofað okkur starfsmönnum Fiskistofu styrk að fjárhæð kr. 1 milljón fyrir þessa báráttu okkar, sem jafnframt er bárátta gegn geðþóttastjórnsýslu.

Nú leitum við til Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagslegan stuðning í þessu skyni þar sem við teljum þessa báráttu líka þjóna hagsmunum bæjarins eins og svo glögglega kom fram með djarfmannlegri ályktun og framgöngu bæjaryfirvald sjálfra.

Þetta er bárátta til að hnekkja órétti og „skemmdarverkum“ í stjórnsýslunni eins og lektor í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands lýsti ákvörðuninni um flutning Fiskistofu.



Björn Jónsson.



Guðmundur Jóhannesson.